



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2015

Tilvísun: 201502-0256 / 06.00

Efni: Umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum (skipan ákærvalds, rannsókn efnahagsbrotamála ofl.) sem var lagt fyrir 144. löggjafarþing 2014-2015, 430. mál.


Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefnt LRH) er hlynntur frumvarpinu en gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið og forsendur þess.

Athugasemdirnar eru helstar þær að í II. kafla um meginefni frumvarpsins og markmið, kemur m.a. fram að lögreglustjórum verði falið að höfða sakamál vegna fleiri brota en þeir gera nú. Til þess að svo megi vera, telur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu að frekari fjárheimildir þurfi að koma til, sér í lagi í ljósi þess að í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis er gert ráð fyrir að fjárheimildir muni færast frá embættinu til hins nýja embættis, sem nemur um 19 milljónum króna. Stöðugildi voru 437 árið 2007 en voru 350 talsins á árinu 2014. Fjárheimildir hafa lækkað um milljarð á sama tíma, úr 4,8 milljörðum í 3,8 milljarða á árinu 2015. Þá er halli á embættinu sem nemur um 120 milljónum króna og því vandséð hvernig hægt er að fjölga verkefnum og taka á sama tíma fjármagn frá embættinu sem að framan greinir.

Þá er mikilvægt að sérþekking í alvarlegri brotum, svo sem kynferðisbrotum, tapist ekki við flutning verkefnanna frá embætti ríkissaksóknara og tryggt verði að sérfræðingar fylgi þessum málaflokkum til hins nýja embættis.

Loks má nefna að sú fyrirætlan sem fram kemur í 28. grein frumvarpsins, að embætti héraðssaksóknara rannsaki kærur á hendur lögreglu, gengur of skammt að mati lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Það er tímabært að búa til styrka einingu sem hafi það með höndum að rannsaka kærur á hendur starfsmönnum lögreglu, kvartanir vegna starfsaðferða lögreglu og grun um háttsemi er ekki samrýmist lögreglustarfi. Unnt væri að þróa einingu sem þessa hjá embætti héraðssaksóknara en þó þannig að til greina kæmi að einingin gæti orðið sjálfstæð, eins og ríkissaksóknari hefur lagt til.

F. h. lögreglustjóra


Heiða Gestsdóttir